

3. fundur landssambandsstjórnar DKG haldinn 09. sept. 2021

Fjarfundur haldinn á ZOOM

Mættar eru: Guðrún Edda Bentsdóttir Kappadeild, forseti, Aníta Jónsdóttir Betadeild, 1. varaforseti, Guðný Helgadóttir Gammadeild, 2. varaforseti, Þorgerður Ásdís Jóhannsdóttir Nýdeild, ritari, Elísabet Jóhannesdóttir Deltadeild, meðstjórnandi, Kristín Helgadóttir, gjaldkeri, Ingibjörg Elsa Guðmundsdóttir, fráfarandi forseti og Eygló Björnsdóttir, vefstjóri.

Guðrún Edda setur fundinn og lýsir yfir ánægju með framkvæmdaráðsfundinn, góð mæting, stemming og vel tekið í verkefni fram undan.

1. Úrvinnsla framkvæmdaráðsfundar

Guðrún Edda fer yfir það sem eftir stóð frá framkvæmdaráðsfundinum 3. sept. síðastliðnum.

a. Lokaútgáfa framkvæmdaráðsfundar

Umræða um tillögur að einkunnarorðum næstu tveggja ára sem fram komu á framkvæmdaráðsfundinum. Samþykkt að þau yrðu: Lærum og leiðum - faglegar og framsæknar. Skipan í hlutverk í nefndum er enn í vinnslu en Ingibjörg Einarsdóttir hefur gefið kost á sér í Félaga- og útbreiðslunefnd og var það samþykkt.

b. Haust - fyrirlestrar – streymi, upptökur, o.fl.

Umræður um hvort betra sé að hafa fyrirlestra í upptöku eða í streymi. Samdóma álit stjórnar var að betra væri að hafa upptökur.

Kostnaður við fyrirlestra og upptökur ræddur og allir einhuga um að sjálfasagt væri að leggja fé í það. Fjárhagsstaða félagsins stendur undir því.

Samþykkt var að halda 2 fyrirlestrum frá síðasta ári inni þar sem ljóst væri að allar deildir hefðu ekki kynnt sér þá.

Umræður um verkaskiptingu stjórnar og menntamálanefndar og samþykkt að leggja hugmyndir stjórnar að verkefnum í hendur þeirra sem þar starfa.

c. Annað – áreiðanleikakönnun f. Íslandsbanka og skráning hjá Skattinum

Ingibjörg Elsa, fráfarandi forseti, bendir á breyttar reglur hjá Íslandsbanka og Skattinum vegna stjórnarskipta félagsins. Samþykkt að senda skjal til undirritunar til landsbyggðakvenna þar sem þær geta skrifað undir, skannað og sent áfram.

Umræða um netfang félagsins til upplýsingar fyrir Skattinn. Eygló upplýsti um 2 netföng sem væru til en hafa ekki verið í notkun. Hún mun ganga í málið og kanna hvort hægt sé að tengja saman annað hvort netfangið við netfang formanns.

Breyta þarf pósthugi gjaldkera þar sem nýr gjaldkeri hefur hafið störf og verður heimilisfang gjaldkera því nú: Kristín Helgadóttir, Fífudalur 6, 260 Reykjanesbæ.

d. Lokamál: Samþykkt að biðja fyrirverandi gjaldkera að endurgreiða þátttökugjald sem greidd hafa verið fyrri ráðstefnuna sem felld var niður.

Næsti stjórnarfundur settur 6. okt. kl. 19:30

Fleira ekki rætt og fundi slitið kl. 18:10

Fundargerð skrifaði Þorgerður Ásdís Jóhannsdóttir